

við verður komið. Verði fullkomin óvissa um vörslu sjóðsins sker menntamálaráðherra úr um hvað um hann verður.

Verði sjóðurinn af einhverjum ástæðum lagður niður skulu eignir hans varðveittar á vegum menntamálaráðherra uns komið hefur verið á fót nýjum sambærilegum eða svipuðum sjóði, en þá má verja eignum hans til styrktar hinum nýja sjóði.

10. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. janúar 1992.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Siglufjarðarkaupstað:

1. Norðurtún–Hafnartún.
Biðskylda á Hafnartún.
2. Suðurtangi–Norðurtangi.
Biðskylda á báðar þessar götur, við gatnamót Snorragötu.
3. Túngata–Kamsvegur.
Fellt verði niður bann við innakstri á Túngötu frá Kamsvegi.
4. Gránugata.
Fellt verði niður bann við lagningu ökutækja við suðurbrún Gránugötu.
5. Snorragata–Langeyrarvegur.
50 km hámarkshraði verði frá slökkvistöð að norðan og suður að endamörkum Langeyrarvegur. Snorragata og Langeyrarvegur verði jafnframt gerðar að aðalbraut.

Lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað, 23. janúar 1992.

Erlingur Óskarsson.